



ÁRNESHREPPUR



# FRAMKVÆMDALEYFI

vegna efnistöku í námu merktri ES3 í Ingólfsfirði.

**Leyfisveitandi:**  
Árneshreppur  
kt. 430169-0419  
Norðurfirði  
524 Árneshreppur

**Leyfishafi:**  
VesturVerk ehf.  
kt. 641088-1379  
Hafnarstræti 9 – 13  
400 Ísafjörður

Ágúst 2019

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti þann 7. ágúst 2019, samanber einnig bókun skipulagsnefndar, dags. 1. ágúst 2019, erindi dagsett 28. júlí 2019 frá VesturVerk ehf. um veitingu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku í námu merktri ES3 í Ingólfsfirði, skv. aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025, til viðhalds Ófeigsfjarðarvegur.

Sótt er um að nýta allt að 3500 rúmmetra af efni í námu merktri ES3 vegna viðhalds Ófeigsfjarðarvegur (649). Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Efnistaka sem hér um ræðir er C-flokks framkvæmd skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum sem þýðir að hún er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar.

#### **Verkpættir eru eftirtaldir:**

- Nýting allt að 3500 rúmmetrum af efni í námu merktri ES3.
- Efnistaka er í fjörunni og er áætlað að dýpt námunnar frá núverandi yfirborði yrði 2 – 4m eftir staðháttum en einhverjar klappir eru sitt hvorum megin námunnar.
- Til að ná efninu á þurrt verður mokað upp vegslóða fram í fjöruna á fjöru og efni í slóðann kæmi úr námunni.
- Flatarmál námunnar getur orðið á bilinu 900 – 1800 m<sup>2</sup>.

Leyfisveitandi: Árneshreppur, kt. 430169-0419, Norðurfirði, 524 Árneshreppur.

Leyfishafi: VesturVerk ehf., kt. 641088-1379, Hafnarstræti 9 – 13, 400 Ísafjörður.

#### **Gögn vegna leyfisumsóknar:**

Yfirlitsuppdráttur af framkvæmd.  
Framkvæmdalýsing.

#### **Skipulagslegar forsendur leyfisveitingar:**

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Árneshrepps 2005 – 2025.

#### **Forsendur í lögum og reglugerðum fyrir leyfisveitingu:**

Skipulagslög nr. 123/2010, gr. 13. og 15.  
Reglugerð um framkvæmdaleyfi 772/2012.

#### **Eftirlit með framkvæmdum:**

Skipulagsfulltrúi Árneshrepps hefur í umboði hreppsnefndar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í samræmi við forsendur og útgefin leyfi.

#### **Gildistími framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið gildir til 31.10.2020

Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

**Framkvæmdaleyfisgjald:**

Framkvæmdaleyfisgjald að upphæð kr. 105.000 verður innheimt vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

**Fyrirvarar og skilyrði framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt fyrirliggjandi og meðfylgjandi málsgögnum og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem þar koma fram og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til.

Í bókun hreppsnefndar Árneshrepps frá 7. ágúst segir: „Þá er ítrekað að vandað verði til frágangs á efnistökusvæðinu.“ Mælt er til þess að vandað verði til allrar umgengni og frágangs þeirra verkþátta sem hér um ræðir.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal það vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

Tilkynna skal til skipulagsfulltrúa og Skipulagsstofnunar áður en kemur til breytinga á framkvæmd.

Búðardalur, Dalabyggð, 19. Ágúst 2019,  
f.h. Árneshrepps.



The image shows a blue ink signature of Þórður Már Sigfússon. Above the signature is a circular logo for 'SKIPULAGSFULLTRÚI' (Board of Directors). The logo contains several smaller icons: a triangle with a fish, a shield with a fish, a globe, a building, and a fish. The text 'SKIPULAGSFULLTRÚI' is written around the top inner edge of the circle.

Þórður Már Sigfússon,  
skipulagsfulltrúi.

**Fylgiskjöl:**

Umsókn um framkvæmdaleyfi og lýsing á framkvæmd.

Yfirlitsuppráttur af framkvæmd.

Álit Fiskistofu, dagsett 8. ágúst 2019.

Álit Orkustofnunnar, dagsett 14. ágúst.

Álit Skipulagsstofnunnar, dagsett 16. ágúst 2019.



*Jóns*

Árneshreppur  
b/t Evu Sigurbjörnsdóttur oddvita  
Norðurfirði

Ísafirði 28.07.2019

**Efni: Umsókn VesturVerks ehf. um Efnistöku í námu merktri ES3 skv. aðalskipulagi 2005-2025**

VesturVerk ehf., kt. 641088-1379, Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði, óskar með bréfi þessu eftir leyfi Árneshrepps til að nýta námu ES3 skv. Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 til viðhalds Ófeigsfjarðarveggar.

**Lýsing á framkvæmd**

Sótt er um að nýta allt að 3500 rúmmetra af efni í námu merktri ES3 á Aðalskipulagi Árneshrepps vegna viðhalds Ófeigsfjarðarveggar (649) þannig að vegurinn nýtist sem aðkomuleið að framkvæmdasvæði vegna undirbúningsrannsókna fyrir Hvalárvirkjun, sjá staðsetningu námu á meðfylgjandi mynd.

Með leyfi til nýtingar námu ES3 er komið í veg fyrir frekari efnisflutninga í gegnum verksmiðjuna á Eyri og þá í leiðinni er tekið skref í að hlífa fornminjum og minnka þá áhættu sem forminjarnar á Eyri verða fyrir með efnisflutningum úr námunni í Urðunum á Norðurfirði. Þá má geta þess að núverandi vegur yfir Eyrarháls ber illa þung aflutninga úr námunni í Urðunum og sér á honum strax og hann blotnar. Einnig er mikið hagræði í að ná í efnið nær eða innan framkvæmdarsvæðisins.



Efnið yrði tekið fram í fjörunni og er áætlað að dýpt námunnar frá núverandi yfirborði yrði 2-4m eftir staðhættum en einhverjar klappir eru sitt hvoru megin námunnar að sögn kunnugra. Flatarmál námunnar gæti orðið á bilinu 900-1800m<sup>2</sup> eftir því hversu djúpt er niður á fast og svo af gæðum efnisins sem upp kemur. Verkið yrði unnið þannig að til að ná efninu á þurrt verður mokað upp vegslóða fram í fjöruna á fjöru og efni í slóðann kæmi úr námunni. Síðan verði efninu úr námunni ekið í haug og slóðinn fram fjöruna fjarlægður jafnóðum og náman er nýtt. Kornastærð efnis er óþekkt þar sem eitthvað er liðið frá því síðast var tekið úr henni og kornastærð ekki skoðuð.

Efnið yrði haugsett upp á bakkanum milli vegar og sjávarbakkans. Efni úr haug yrði síðan notað í yfirborð Ófeigsfjarðarveggar og keyrt út eftir þörfum.

Kveðja

*Gunnar G. Magnússon*

Gunnar G. Magnússon  
Framkvæmdarstjóri



Malarnáma ES3 Kviaklettur, Ingólfsfirði.

Skýringar



Malarnáma ES3, Kviaklettur



Unnið fyrir VesturVerk ehf., 28 júlí 2019

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.  
Aðalstræti 26, 400 Ísafjörður

Yfirlitsmynd. Botn Ingólfsfjarðar. Kortagrunnur LMÍ. Mkv. 1 / 10000 (A4). Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fiskistofu er ekki kunnugt um veiði í Ingólfsfjarðará, en þar hefur ekki verið skráð veiði. Því telur Fiskistofa að veiðihagsmunir séu litlir í Ingólfsfjarðará. Þó er líklegt að bleikja og sjóbirtingur geti gengið í ána. Sjógöngusilungar leita ætis í nágrenni við heimaá sína yfir sumarmánuði og getur efnistaka nærri ósi haft áhrif á afkomu stofna. Miðað við lýsingu á kynntri efnistöku úr námu ES3 verður að teljast ólíklegt að hún muni hafa áhrif á sjógöngusilunga í Ingólfsfjarðará.

Um efnistöku úr eða við veiðivatn gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í 1. mgr. segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu]. 1) Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki] 2) og reglum settum samkvæmt þeim.“

Efnistaka sú sem hér er kynnt kann að vera nær ósi Ingólfsfjarðará en 100m (ósamat liggur ekki fyrir). Það verður þó ekki séð að efnistakan muni hafa áhrif á fiskgengd eða aðstöðu til veiði. Fiskistofa telur því að efnistaka úr námu ES3 sé ekki háð leyfi Fiskistofu. Orkustofnun veitir leyfi vegna efnistöku af hafsbotni og kann efnistaka sú sem hér er til umræðu að vera háð slíku leyfi.

Fh. Fiskistofu,  
Guðni Magnús Eiríksson

Pórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi  
Árneshreppur  
Norðurfirði  
524 Árneshreppur

Reykjavík, 14. ágúst 2019  
Tilvísun: OS2019080020/22.12  
Verknúmer: 3330300

### Efni: Efnistaka fyrir botni Ingólfsfjarðar

Vísað er til erindis yðar, sem barst Orkustofnun með tölvupósti þann 8. ágúst sl., þar sem leitað er afstöðu Orkustofnunar til fyrirhugaðrar efnistöku í námu fyrir botni Ingólfsfjarðar á Ströndum, í Árneshreppi.

Samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr sjávarbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Þó er svo kveðið á um í vatnalögum, nr. 15/1923, að einnig beri að afla leyfis Orkustofnunar ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir í eða við vötn og sem hafa áhrif á árfarveg, vatnsborð eða rennsli vatns. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins, er óheimilt að nýta efni af hafsbotni utan netlaga án leyfis Orkustofnunar.

Með vísan til lýsingar í erindi yðar, og fylgiskjölum með því, er umrædd náma ekki í nágrenni við ós Ingólfsfjarðarár, efnistakan hefur ekki áhrif á rennsli árinna, og verður öll á landi, a.m.k. vel innan netlaga.

Í ljósi framanritaðs er það afstaða Orkustofnunar að umrædd efnistaka sé ekki háð leyfi eða sérstakri aðkomu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

Sæll Þórður

Með vísan til tölvupósts þíns frá 14. ágúst 2019 þar sem leitað er álitis Skipulagsstofnunar á því hvort efnistaka úr námu ES3 í aðalskipulagi Árneshrepps, til viðhalds Ófeigsfjarðarveggar, teljist tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Með fyrirspurninni fylgdi framkvæmdaleyfisumsókn Vesturverks, dags. 28. júlí 2019, ásamt skýringarmynd með sömu dagsetningu og einnig umsögn Orkustofnunar dags. 14. ágúst 2019 og ódagsett umsögn Fiskistofu.

Í framkvæmdaleyfisumsókn Vesturverks er óskað eftir leyfi til að taka allt að 3500 m<sup>3</sup> af efni úr námu sem merkt er ES3 í aðalskipulagi Árneshrepps, vegna viðhalds Ófeigsfjarðarveggar (649). Flatarmál námunnar er sagt geta orðið 900-1800 m<sup>2</sup> og dýpt 2-4 m. Framkvæmdinni er lýst þannig að efnið yrði haugsett á bakkanum milli vegar og sjávarbakkans, þaðan sem efnið verði síðan keyrt út eftir þörfum og notað í yfirborð Ófeigsfjarðarveggar. Í stefnu aðalskipulagsins um efnistökusvæði, kafla 2.1.5, er naman tilgreind sem „ES3 – í botni Ingólfsfjarðar“.

Eins og framkvæmdinni er lýst er um að ræða efnistöku til ofaníbúðar á Ófeigsfjarðarvegi, en ekki til breytinga á veginum. Slík vegaf framkvæmd, sem felur eingöngu í sér viðhald núverandi vegslóða kallar ekki á sérstaka skipulagsmeðferð eða leyfisveitingu og er jafnframt ekki hluti þeirra framkvæmda sem fjallað er um í umhverfismati Hvalárvirkjunar.

Efnistaka sem hér um ræðir er C-flokks framkvæmd skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. Hún er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli undirgangast umhverfismat. Bent er á að á vef Skipulagsstofnunar má nálgast leiðbeiningar um tilkynningu framkvæmda í flokki C til sveitarfélags.

Til upplýsingar er vakin athygli á meðfylgjandi umsögn Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, vegna kæra sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni vegna Ófeigsfjarðarveggar.

Með kveðju  
Hafdís